



Fundargerð

Föstudaginn 16. ágúst 2024 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 17:15 með fjarfundarbúnaði.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Erla Jónsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson og Péturína Laufey Jakobsdóttir.

Auk þess sat fundinn Ólafur Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fræðslustjóri

Á síðasta fundi stjórnar var til umfjöllunar ráðning í starf fræðslustjóra, en þar sem enn var verið að vinna úr gögnum/viðtölum við umsækjendur var ákvörðun um ráðningu frestað.

Umsóknarfrestur um starf fræðslustjóra rann út 1. ágúst og bárust þrjár umsóknir.

Tveir umsækjendur voru boðaðir í atvinnuviðtal hjá starfandi mannauðsráðgjafa hjá K ráðgjöf og þjónustu. Framkvæmdastjóri sat einnig þau viðtöl.

Niðurstaða matsskjals úr starfsmannaviðtölum var lögð fram til kynningar.

Stjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að Dagný Rósa Úlfarsdóttir verði ráðin í starf fræðslustjóra.

Framkvæmdastjóra falið að bjóða Dagnýju Rósu Úlfarsdóttur starfið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:25

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Grímur Rúnar Lárusson

Erla Jónsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir